Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir

# Húsakönnun

## Hamarsgerði – Langagerði – Sogavegur – Tunguvegur




Notist ekki við skipulagsvinnu nema
að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands,
sbr. 16 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012:

„Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun
skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám
með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi.“

Þessi skýrsla var unnin áður en
lög um menningarminjar nr. 80/2012 tóku gildi
og varðveislumat húsa því ekki í samræmi við núgildandi lög.
Með Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
hafa einnig tekið gildi nýir verndunarflokkar hverfisverndar.

**Reykjavík 2004**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 111

# Húsakönnun

## Hamarsgerði – Langagerði – Sogavegur – Tunguvegur

Páll V. Bjarnason, arkitekt
Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur

**Reykjavík 2004**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 111

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur.
Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur.

© Árbæjarsafn
Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar Minjasafns Reykjavíkur og
Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur.

Minjasafn Reykjavíkur − Árbæjarsafn
Skýrsla nr. 111
Reykjavík 2004.
Öll réttindi áskilin.

# Efnisyfirlit

## 1. Húsakönnun.


Formáli..............................................5

Byggingarsaga....................................7

Varðveislumat..................................11


## 2. Húsaskrá.


Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur...13

Hamarsgerði 2..................................15
Hamarsgerði 4..................................16
Hamarsgerði 6..................................17
Hamarsgerði 8..................................18

Langagerði 1....................................19
Langagerði 3....................................20
Langagerði 5....................................21
Langagerði 7....................................22
Langagerði 9....................................23
Langagerði 11..................................24
Langagerði 13..................................25
Langagerði 15..................................26
Langagerði 17..................................27
Langagerði 19..................................28
Langagerði 21..................................29
Langagerði 23..................................30
Langagerði 25..................................31
Langagerði 27..................................32
Langagerði 29..................................33

Réttarholtsvegur 1............................34
Réttarholtsvegur 3............................35

Sogavegur 108.................................36
Sogavegur 112.................................37
Sogavegur 116.................................38
Sogavegur 118.................................39
Sogavegur 120.................................40
Sogavegur 122.................................41
Sogavegur 124.................................42
Sogavegur 126.................................43
Sogavegur 128.................................44
Sogavegur 130.................................45
Sogavegur 132.................................46
Sogavegur 134.................................47
Sogavegur 136.................................48
Sogavegur 138.................................49
Sogavegur 140.................................50
Sogavegur 142..................................51
Sogavegur 144..................................52
Sogavegur 146..................................53
Sogavegur 148..................................54
Sogavegur 150..................................55
Sogavegur 152..................................56
Sogavegur 154..................................57
Sogavegur 156..................................58
Sogavegur 158 .................................59
Sogavegur 160..................................60
Sogavegur 162..................................61
Sogavegur 164..................................62
Sogavegur 166..................................63
Sogavegur 168..................................64
Sogavegur 170..................................65
Sogavegur 172..................................66
Sogavegur 174..................................67
Sogavegur 176..................................68
Sogavegur 178..................................69
Sogavegur 180..................................70
Sogavegur 182..................................71
Sogavegur 184..................................72
Sogavegur 186..................................73
Sogavegur 188..................................74
Sogavegur 190..................................75
Sogavegur 192..................................76
Sogavegur 194..................................77
Sogavegur 196..................................78
Sogavegur 198..................................79
Sogavegur 200..................................80
Sogavegur 202..................................81
Sogavegur 204..................................82
Sogavegur 206..................................83
Sogavegur 208..................................84
Sogavegur 210..................................85
Sogavegur 212..................................86
Sogavegur 216..................................87
Sogavegur 218..................................88
Sogavegur 220..................................89
Sogavegur 222..................................90
Sogavegur 224..................................91

Tunguvegur 20.................................92
Tunguvegur 22.................................93
Tunguvegur 24.................................94

Heimildaskrá....................................95

# Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireit **1.8** í Reykjavík, en hann afmarkast af Réttarholtsvegi til vesturs, Sogavegi til norðurs, norðan lóðarmarka Langagerðis til suðurs og norðan Austurgerðis. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur eru utan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1940 til 1987. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.* ***Varðveislugildi húsa*** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis**.** Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (*Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/ Hring-brautar*). Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirliggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

júní 2004,

Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar
Minjasafns Reykjavíkur - Árbæjarsafns.

## Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireit **1.8** í Reykjavík.

### Staðsetning

Reiturinn afmarkast af Réttarholtsvegi til vesturs, Sogavegi til norðurs, norðan lóðarmarka Langagerðis til suðurs og norðan Austurgerðis.

### Húsagerð og aldur

Í þessari húsakönnun er fjallað um 79 hús og eru 36 af þeim steinsteypt en 24 þeirra úr timburbindingi. Einnig er að finna á reitunum tólf steinhlaðin hús og sjö hlaðin úr holsteini. Í þessari húsakönnun er einnig fjallað um lóðina að Sogavegi 112 en húsið sem þar stóð hefur nýlega verið rifið og eru fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðinni.

Samkvæmt fyrstu virðingu eru 72 húsanna einlyft og 6 tvílyft. Eitt húsanna, Langagerði 9, er samkvæmt fyrstu virðingu 1 til 2 hæðir.

Elsta húsið sem er að finna á reitnum í dag er Sogavegur 186 en það var byggt árið 1940. Yngsta húsið á reitnum er Sogavegur 216 sem var byggt á árunum 1978 – 1987 eftir teikningum Ingva Gestssonar.

Frá 1940 til 1949 risu 20 hús á svæðinu. Á árunum 1950 – 1959 risu 33 hús og á árunum 1960 – 1969 bættust við átta hús. Sautján hús voru reist á árunum 1970 – 1979 og standa fjórtán þeirra við Langagerði. Yngsta húsið á reitnum var síðan byggt á árunum 1978 – 1987. Nær undantekningarlaust er um fyrstu kynslóð húsa á lóðunum að ræða. Nokkur hús hafa þó þurft að víkja fyrir nýjum húsum.

Ýmissa stílbrigða gætir á reitnum. Mörg hús tilheyra síðfúnkísstílnum og standa þau flest við Langagerði. Fúnkísstílinn barst til landsins um 1930. Þeir arkitektar sem fylgdu honum voru hugsjónamenn sem vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun og útrýma heilsuspillandi húsnæði. Kenningin á bak við fúnkísstefnuna er sú að formið leiði af hlutverki mannvirkisins eða fúnksjóninni. Markmið fúnkísmanna var að útrýma skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi. Með fúnkísstílnum þróaðist sú tækni að nota innlend steinefni eða skeljabrot til múrhúðunar utan á steinsteypt hús. Eitt af aðaleinkennum íslenska fúnkísstílsins er steiningin.

Um og upp úr seinna stríðinu þróaðist fúnkísstílinn yfir í nútímalegri stíl, sem kalla mætti síðfúnkísstíl, það er fúnkíshúsin fengu á sig nýja mynd, þar sem helstu einkenni voru há og margbrotnari þök, smárúðugluggar og ýmis konar skraut. Þessi stílþróun átti ekki síst rætur sínar að rekja til fumkvöðla íslenskrar fúnkísstefnu, eins og arkitektanna Einars Sveinssonar og Gunnars H. Ólafssonar. Síðar, eða um 1960, breyttist stílinn enn, þegar nýir arkitektar tóku til starfa hér á landi, einkum menntaðir í Þýskalandi. Flöt þök, stærri gluggar með stórum rúðum, beinar línur og minna skraut einkenndi þessa þróun. Litir voru notaðir á sléttmúraða veggi, einkum grunnlitir og steiningin hvarf.

Önnur stílbrigði koma einnig fram á þeim húsum sem hér eru könnuð. Við Sogaveg standa einkum einföld timbur- og steinsteypuhús. Timburhús eru lítil, lág og án nokkurs skrauts. Algengt er að byggt hafi verið við húsin ýmist úr timbri eða steinsteypu. Eftir 1930 var algengt að mörg þessa timburhúsa væru múrhúðuð til að fá útlit steinsteypuhúsa. Steinsteypuhúsin eru afar lík timburhúsunum að gerð og frágangi.

**Breytingar**

Misjafnt er hve miklar breytingar hafa verið gerðar á þeim húsum sem hér eru könnuð. Helst hefur verið byggt við húsin, þau hækkuð og kvistir sett á þök. Í seinni tíð eru sólskálar algeng viðbygging við húsin. Húsunum hefur verið haldið misvel við sem og lóðunum.

**Höfundar**

Af þeim 79 húsum sem hér eru könnuð er ekki vitað um hönnuð 32 þeirra. Vitað er um höfunda þeirra húsa sem eftir eru eða 47 þeirra. Kjartan Sveinsson tæknifræðingur teiknaði flest þeirra húsa þar sem höfundur er kunnur eða átta hús. Næstur honum er Gunnlaugur Pálsson arkitekt sem teiknaði fimm hús. Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari teiknaði fjögur hús og Guttormur Andrésson arkitekt, Gunnar Ólafsson arkitekt og Magnús Guðmundsson byggingafræðingur þrjú hús hver. Hannes Kr. Davíðsson arkitekt, Karl-Erik Rocksén arkitekt og Óskar Sveinsson teiknuðu tvö hús hver. Fjöldi hönnuða eiga heiðurinn af einu húsi og þeirra á meðal eru arkitektarnir Ferdinand Alfreðsson, Jón Björnsson, Gísli Halldórsson, Jósef Reynis og Hafliði Jóhannsson trésmiður, Stefán Guðbergsson verkfræðingur og Þórður Jasonarson byggingameistari.

**Saga reitanna**

Reiturinn sem hér er til umfjöllunar er skilgreindur sem íbúðarsvæði og er staðsettur í borgarhluta 5 skv. hverfakorti frá 1988, nánar tiltekið við Sogaveg. Sogvegur er hluti af Smáíbúðahverfinu. Skipulag þess var samþykkt árið 1951 og hefur það nokkra sérstöðu í Reykjavík. Þar voru meðal annars fyrstu botnlangagöturnar í borginni og einnig fylgdu teikningar með sumum lóðum þegar þeim var úthlutað.[1]

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar og eftir stríðið var mikla atvinnu að hafa í Reykjavík, einkum með hersetu Breta hér á landi. Fólksflutningar til borgarinnar jukust stórlega og húsnæðisekla fór fljótlega að gera vart við sig. Á árunum 1945 til 1965 fjölgaði þannig íbúum Reykjavíkur um 70% og 700% aukning varð á landrými borgarinnar.[2] Tífaldaðist þannig landsvæði á hvern Reykvíking. Þetta reyndist vera mesta útþensla Reykjavíkur frá upphafi. Stríðsgróðinn var einkum notaður til uppbyggingar atvinnuveganna og gekk því fljótt til þurrðar. Því varð fljótlega að setja á ýmis konar innflutnings- og fjárfestingahöft, sem komu illa við byggingarframkvæmdir í borginni. Herskálar voru teknir til íbúðar jafnóðum og herinn losaði þá. Vegna haftanna var erfitt að fjármagna byggingu nýrra íbúða og þar af leiðandi að losna við braggahverfin, sem oftast voru talin heilsuspillandi húsnæði.[3]

Árið 1948 var gerður aðalskipulagsuppdráttur af Reykjavík allt austur að Elliðaám og þar með gefin fyrsta vísbending um byggð á því svæði. Í skipulaginu var í fyrsta skipti greint á milli atvinnusvæða og íbúðarsvæða, en fram að þeim tíma hafði náin sambúð heimils og vinnustaðar verið helsta einkenni byggðar í Reykjavík. Grundvöllur þessarar skipulagshugmyndar var að aðskilja greinar sem valda truflunum frá annarri starfsemi og flokka saman greinar sem stutt geta hvor aðra. Einnig var reynt að staðsetja hverja tegund starfsemi þannig að landið hentaði sem best fyrir hverja þeirra.[4]

---

[1] Hverfaskipulag, 1988.
[2] Hverfaskipulag, 1988.
[3] Trausti Valsson: *Reykjavík, Vaxtarbroddur*, bls. 55.
[4] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur, borgin, fyrri hluti*, bls. 232 - 233.

Fyrsta skipulagða úthverfið í Reykjavík reis í Kleppsholtinu um og upp úr 1942 og síðan í Langholti. Þetta var þá sjálfstæður bæjarhluti sem var töluvert utan við þáverandi byggð. Almennt er talið að staðsetning Kleppsspítalans hafi ráðið einhverju um þá ákvörðun. Hægt var að samnýta ýmsa þjónustu sem spítalinn naut, svo sem lagnir, samgöngur strætisvagna o. fl. Á næstu árum komu síðan í kjölfarið önnur hverfi austan byggðar, eins og Vogahverfið, Smáíbúðahverfið og Bústaðahverfið.[5]




Fyrsta skipulag smáhúsa og Bústaðahverfis.

Um 1950 var mikið rætt og ritað um húsnæðisvandann og nauðsyn þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði í bænum. Því var það að borgarstjórn setti á stofn nefnd sem undirbúa skyldi uppbyggingu smáhúsahverfis fyrir fólk í húsnæðisvandræðum. Nefndin lauk störfum snemma í apríl 1951 og gerði þar tillögu um staðarval í Sogamýrinni, norðan Hæðargarðs. Í þeim gjaldeyrisþrengingum sem herjuðu á landið á þessum tíma voru strangar fjárfestingarhömlur settar á byggingu íbúðarhúsnæðis og þurfti sérstakt leyfi frá Fjárhagsráði til þess. Bæjarfélagið aðstoðaði fólk á ýmsa lund, gerði meðal annars lóðirnar byggingarhæfar, lagði götur og ræsi og hafði menn á launum við eftirlit og til leiðbeiningar. Umsóknir um þessar lóðir voru alls 427 en lóðir sem í boði voru aðeins 200. Lóðirnar voru afhentar sumarið 1952 en bið varð á að fjárfestingarleyfi fengist hjá Fjárhagsráði og því var ekki unnt að hefja framkvæmdir strax. Í september 1952 lét ráðið undan þrýstingi um að heimila byggingu smáhúsa allt að 80 fermetra að flatarmáli. Bygging húsanna hófst strax af krafti. Heilu fjölskyldurnar lögðu nótt við dag við að byggja húsin og var ekki óalgengt að sjá alla fjölskyldumeðlimi grafa grunna og slá upp fyrir húsunum. Þó urðu flestir að fá fagmenn til hinna vandasamari verka. Engu

[5] Listasafn Reykjavíkur: *Borgarhluti verður til*, bls. 4.

að síður tókst að byggja talsvert ódýrara en byggingarvísitala gerði ráð fyrir. Erfitt var að fá lán í bönkum og var því nauðsynlegt að ná niður byggingarkostnaðinum. Bæjarsjóður var ekki aflögufær og fáir fengu fyrirgreiðslu hjá svonefndri lánadeild smáíbúða sem komið var á fót snemma ársins 1952. Einungis mátti veita smáíbúðarlán einstaklingum sem voru að byggja smá einbýlishús og einlyft sambyggð smáhús sem þeir ætluðu að mestu leyti að koma upp með eigin vinnu. Þegar á reyndi urðu flestir sem byggðu hús í smáíbúðahverfinu að treysta á eigið fé eða lánsfé frá vinum og vandamönnum. Þrátt fyrir þetta gengu byggingarframkvæmdir vel og hverfið þótti sýna hvílíku grettistaki mátti lyfta þegar dugmiklir einstaklingar og bæjaryfirvöld tóku höndum saman. Smáíbúðarhverfið var nánast fullbyggt árið 1955 og var þá fjölmennasta hverfi Reykjavíkur utan gömlu byggðarinnar og bjuggu þar þá rúmlega fjögur þúsund manns.[6]

Þau hús sem hér eru könnuð standa flest við Sogaveg. Um og eftir 1930 risu nokkur íbúðarhús við hann án þess þó að fylgt væri eftir sérstöku skipulagi.[7] Á árum seinni heimsstyrjaldar var eins og áður segir mikil húsnæðisekla í Reykjavík. Þá tóku á ný að rísa hús við Sogaveginn sem fólk reisti fyrir utan skipulag og með bráðabirgðaleyfi frá yfirvöldum. Húsin voru reist á svokölluðum erfðafestulöndum og fengu mörg hver ekki byggingarleyfi fyrir en mörgum árum eftir byggingu þeirra.

**Nafngiftir gatnanna**

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga rætur sínar að rekja víða.

**Hamarsgerði**

Hamarsgerði gengur austur frá Réttarholtsvegi. Hamarsgerði kemur fyrir sem nafn á býli í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði. Nafnið kemur fram á skipulagi smáíbúðarhverfisins.

**Langagerði**

Langagerði liggur sunnan Sogavegar milli Réttarholtsvegar og Tunguvegar. Langagerði kemur fyrir sem nafn á býli í Rangárvallasýslu. Nafnið kemur fram á skipulagi smáíbúðarhverfisins.

**Réttarholtsvegur**

Réttarholtsvegur liggur á milli Bústaðavegar og Miklubrautar. Gatan er kennd við nýbýli í Sogamýri sem kallað var Réttarholt og dró nafn sitt af gamalli fjárrétt sem var í Bústaðalandi. Nafnið götunnar var samþykkt árið 1930.

**Sogavegur**

Sogavegur liggur frá Grensásvegi, sunnan Miklubrautar að Bústaðavegi gegnt Stjörnugróf og er kenndur við Sogamýri/Sogin. Var nafnið samþykkt árið 1930. Á korti frá 1947 má sjá að Sogavegur hefur legið allt norðvestur í Rauðárholt.

**Tunguvegur**

Tunguvegur liggur á milli Bústaðavegar og Miklubrautar. Nafn götunnar var samþykkt árið 1930.

---

[6] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 239.
[7] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við sund, fyrsta bindi*, bls. 159.

## Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.* ***Varðveislugildi húsa*** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (*Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar*).

Til umfjöllunar er staðgreinireitur **1.8** sem afmarkast af Réttarholtsvegi til vesturs, Sogavegi til norðurs, norðan lóðarmarka Langagerðis til suðurs og norðan Austurgerðis.

## HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa í ofangreindum staðgreinireit:

Ekki eru gerðar tillögur að varðveislu húsa á þessum reit.

# HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR



**Byggingarár** **1954** 

# Hamarsgerði 2

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Gunnlaugur Pálsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Kjallari
Kvistir

**Helstu breytingar**

1985 Bílskúr

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Árið 1953 var veitt leyfi fyrir einlyftu íbúðarhúsi úr steinsteypu og árið 1954 var veitt leyfil til að hækka risið á því. Húsið var fokhelt árið 1954 en ekki virt fyrr en árið 1959. Samkvæmt fyrstu virðingu er kjallari undir hluta af húsinu og á því eru tveir kvistir.
Árið 1985 var reistur bílskúr úr steinsteypu á lóðinni.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Dæmi um híbýli alþýðu í húsnæðiseklu eftir seinna stríð. |
| **Umhverfisgildi:** | Dæmigert fyrir fjölbreytta byggð í smáíbúðahverfinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** 1954

# Hamarsgerði 4

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Guttormur Andrésson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Kvistir

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|
| 1979 | Bílskúr | Sigurður R. Halldórsson |
| 1984 | Sólstofa | Sigurður R. Halldórsson |

## Saga

Árið 1952 var samþykkt einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Árið 1954 var samþykkt að setja port á húsið. Húsið var tekið í notkun árið 1954 en ekki virt fyrr en árið 1961. Árið 1979 var heimilað að byggja bílageymslu, stofu og anddyri úr steinsteypu. Árið 1984 var heimilað að byggja sólstofu við húsið.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Dæmi um híbýli alþýðu í húsnæðiseklu eftir seinna stríð. |
| **Umhverfisgildi:** | Dæmigert fyrir fjölbreytta byggð í smáíbúðahverfinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** 1953

# Hamarsgerði 6

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Gunnlaugur Pálsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini | Einlyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kvistir |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Árið 1952 var samþykkt einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Sama ár var samþykkt að hækka risið. Húsið var tekið í notkun í desember 1953 en fyrst virt árið 1956. Samkvæmt fyrstu virðingu er húsið hlaðið úr sandsteini og auk þess er niðurgrafið þvottahús og kyndiklefi með olíukyndingartæki. Árið 1979 var heimiluð bílgeymsla úr steinsteypu eftir Sigurður R. Halldórsson en það var ekki gert.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Dæmi um híbýli alþýðu í húsnæðiseklu eftir seinna stríð.

**Umhverfisgildi:** Dæmigert fyrir fjölbreytta byggð í smáíbúðahverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1955** # Hamarsgerði 8

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Guttormur Andrésson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini | Einlyft | 1984 Viðbygging | Rúnar Hauksson arkitekt |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Árið 1952 var samþykkt að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Árið 1954 var heimiluð breyting á þakhæð hússins. Húsið var tekið í notkun árið 1955 en fyrst virt árið 1961. Samkvæmt fyrstu virðingu er húsið hlaðið úr sandsteini. Árið 1984 var byggð sólstofa við húsið.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Dæmi um híbýli alþýðu í húsnæðiseklu eftir seinna stríð.

**Umhverfisgildi:** Dæmigert fyrir fjölbreytta byggð í smáíbúðahverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1964-65** 

# Langagerði 1

**Fyrsti eigandi** K.F.U.M.

**Hönnun** Hannes Kr. Davíðsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Félagsheimili



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari |
| **Þakgerð** | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1984 | Viðbygging | Hannes Kr. Davíðsson | arkitekt |
| 1994 | Gluggabreyting | Hannes Kr. Davíðsson | arkitekt |
| 2002 | Útlitsbreyting | Teiknistofan A.V.J. | |

## Saga

Árið 1964 var veitt byggingarleyfi fyrir félagsheimili K.F.U.M á lóðinni. Húsið var seinna gert að leikskóla. Árið 1984 var heimiluð stækkun á 2. hæð yfir anddyri á neðri hæð. Árið 1994 var samþykkt að breyta gluggapóstum og innréttingum á jarðhæð og götuhæð. Árið 2002 var heimiluð breyting á viðbyggingu við norðurhlið, anddyrisviðbyggingu við 2. hæð suðurhliðar og breyta innra skipulagi leikskólans samkvæmt uppdrætti Teiknistofu A.V.J.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist sögu KFUM og K á Íslandi. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er talsvert breytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1973**

# Langagerði 3

**Fyrsti eigandi** Ágúst Geirsson

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari

**Helstu breytingar**

1986 Sólskáli

**Hönnuðir breytinga**

Kjartan Sveinsson tæknifr

## Saga

Byggingarleyfið var veitt árið 1972. Húsið var tekið í notkun árið 1973 en fyrst virt árið 1976. Samkvæmt fyrstu virðingu er bílskúrinn innbyggður. Árið 1984 var veitt leyfi fyrir sólskála við húsið. Hann var byggður árið 1986.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið hefur gildi í götumyndinni. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1973** 

# Langagerði 5

**Fyrsti eigandi** Birgir Finnsson

**Hönnun** Karl-Erik Rocksén arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Svalir
Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Samkvæmt fyrstu virðingu er bílskúrinn innbyggður í húsið. Árið 2001 var veitt leyfi fyrir sólskála við vesturgafl 1. hæðar eftir teikningum Halldórs Gíslasonar arkitekts.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | |
| **Umhverfisgildi:** | Húsið hefur gildi í götumyndinni. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1973**

# Langagerði 7

**Fyrsti eigandi** Bjarni Kristinsson

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

1991 gervihnattadiskur

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Samkvæmt fyrstu virðingu er bílskúrinn innbyggður í húsið.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | |
| **Umhverfisgildi:** | Húsið hefur gildi í götumyndinni. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** 1972

# Langagerði 9

**Fyrsti eigandi** Gunnar Jónasson

**Hönnun** Karl-Erik Rocksén arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Svalir
Tvílyft
Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi fyrir húsinu var veitt árið 1972. Húsið var tekið í notkun sama ár en ekki virt fyrr en árið 1975. Samkvæmt fyrstu virðingu er húsið sagt vera 1-2 hæðir. Bílskúrinn er uppsteyptur og er innbyggður í húsið.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1972** **Langagerði 11**

**Fyrsti eigandi** Einar Arnórsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Kjallari | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Einlyft | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Byggingarleyfið var veitt árið 1972. Samkvæmt fyrstu virðingu er bílskúr innbyggður í húsið. Kjallari er undir hluta hússins.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1973** 

# Langagerði 13

**Fyrsti eigandi** Árni Sigurbergsson

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi var veitt fyrir íbúðarhúsi á lóðinni árið 1972 og var það virt árið 1973. Bílskúr er sambyggður húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** 1972

# Langagerði 15

**Fyrsti eigandi** Ingimar Karlsson

**Hönnun** Ferdinand Alfreðsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Kjallari |
| **Klæðning** | Músléttað | Einlyft |
| **Þakgerð** | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Kjallari
Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972 en húsið fyrst virt árið 1974. Bílskúr er sambyggður húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1974** 

# Langagerði 17

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Jón Björnsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Ál |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

1978 Sólskáli

**Hönnuðir breytinga**

Jón Björnsson arkitekt

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Árið 1973 var heimiluð breyting á áður samþykktu einbýlishúsi. Aftur samþykkt að breyta húsinu árið 1974. Árið 1978 var byggður sólskáli við húsið. Bílskúrinn er sambyggður húsinu.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | |
| **Umhverfisgildi:** | Húsið hefur gildi í götumyndinni. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1973**

# Langagerði 19

**Fyrsti eigandi** Stefán Guðbergsson

**Hönnun** Stefán Guðbergsson verkfræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari
Svalir

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|
| 1983 | Sólskáli | Stefán Guðbergsson | arkitekt |
| 1986 | Bílskúr | Finnur Björgvinsson | arkitekt |
| 1986 | Endurbætur | Finnur Björgvinsson | arkitekt |

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Bílskúrinn er sambyggður húsinu. Árið 1983 var veitt leyfi fyrir sólskála og hann byggður sama ár. Árið 1986 var samþykktur nýr bílskúr og að breyta þeim gamla í fjölskylduherbergi.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1972** **Langagerði 21**

**Fyrsti eigandi** Hinrik Bjarnason

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Kústað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari
Svalir

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1990 | Sólskáli | Kjartan Sveinsson | tæknifr |
| 1995 | Endurbætur | Lilja Grétarsdóttir | arkitekt |

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Bílskúr er á sama plani og 1. hæð. Árið 1990 var samþykkt að byggja svalaskála úr timbri og gleri eftir teikningum Kjartans Sveinssonar. Hann var byggður sama ár. Árið 1995 var heimilað að breyta innréttingum vegna heimagistingar og taka í notkun kjallara undir suðvestur álmu hússins samkvæmt teikningum Lilju Grétarsdóttur.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Fyrsti eigandi** Jóhann Hannesson o.fl.

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

1997 Endurbætur

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Bílskúrinn er sambyggður íbúðarhúsinu. Árið 1997 var samþykkt að breyta innra skipulagi, stækka kjallara og þar með íbúð á 1. hæð.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1973**

# Langagerði 25

**Fyrsti eigandi** Siggeir Vilhjálmsson

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Bílskúr er innbyggður á 1. hæð hússins.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** 1973

# Langagerði 27

**Fyrsti eigandi** Sigurður Guðmundsson

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr



**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | |
| **Þakgerð** | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Einlyft
Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1972. Bílskúr er sambyggður húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** 1974

# Langagerði 29

**Fyrsti eigandi** Einar Þ. Guðmundsson

**Hönnun** Þorgils Axelsson byggingarfræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1992 Sólskáli | Þorgils Axelsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | | | |
| **Þakgerð** | | Svalir | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Byggingarleyfi veitt árið 1972. Bílskúr er innbyggður. Árið 1992 var samþykkt sólstofa við húsið.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi í götumyndinni.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1955** # Réttarholtsvegur 1

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Á. Steingrímsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús






**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft |
| **Klæðning** | Marmarahúð | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kvistir |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Kjallari |
| **Undirstöður** | | Turn |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsin við Réttarholtsveg 1-3 fylgja Sogavegi 108 samkvæmt b-blöðum. Árið 1954 var samþykkt tvílyft versunar- og íbúðarhús á Réttarholtsvegi 1. Samkvæmt dagbókum byggingafulltrúa hófst bygging hússins árið 1954 og var lokið árið 1955. Árið 1955 var veitt leyfi fyrir söluturni í húsinu en engin slík verslun var þá í nágrenninu og bauðst eigandinn að leyfa bæjarsímanum að setja upp almenningssíma, þar sem fáir í hverfinu höfðu síma. Árið 1957 var samþykkt að byggja tvo bílskúra úr steinsteypu á lóðinni. Árið 1961 var húsið við Réttarholtsveg 1 virt í fyrsta sinn. Bílskúr á baklóð er eftir Ásmund Ólason og var byggður árið 1965.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu og verslunarsögu Reykjavíkur.

**Umhverfisgildi:** Kennileiti í hverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

# Byggingarár 1966 — Réttarholtsvegur 3

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Magnús Guðmundsson byggingarfræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús






**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Tvílyft
Ris
Kjallari

**Helstu breytingar**

1983 Atv.húsn. innr.

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsin við Réttarholtsveg 1-3 fylgja Sogavegi 108 samkvæmt b-blöðum. Bygging hússins hófst árið 1962 og var það fyrst virt árið 1966. Það kemur ekki fram í fyrstu virðingu að það séu kvistir á húsinu en þeir eru í dag (2004). Ekki að finna neinar heimildir um hvenær þeir voru settir á. Árið 1983 var neðri hæð breytt í banka. Bílskúrar á baklóð eru eftir Ásmund Ólason og voru byggðir árið 1965.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu og verslunarsögu Reykjavíkur. |
| **Umhverfisgildi:** | Kennileiti í hverfinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1966** # Sogavegur 108

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Hannes Kr. Davíðsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús, apótek, læknastofur






**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**
Tvílyft
Kjallari

**Helstu breytingar**
1983 Útlitsbreyting

**Hönnuðir breytinga**
Teiknistofan Röðull

## Saga

Árið 1962 var samþykkt bygging verslunar- og íbúðarhúss úr steinsteypu á lóðinni. Árið 1963 var heimiluð breyting á innréttingu 1. hæðar hússins og að byggja bílskúra og sorpgeymslu úr steinsteypu. Árið 1963 var samþykkt að reisa lyfjaverslun úr steinsteypu á lóðinni og er það núverandi hús á lóðinni. Árið 1983 var innréttingu í verslun breytt, skyggni stækkað og gluggum á 1. hæð breytt samkvæmt teikningum Teiknistofunnar Röðuls.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist sögu lyfjaverslunar í Reykjavík. |
| **Umhverfisgildi:** | Kennileiti í hverfinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár**

# Sogavegur 112

**Fyrsti eigandi** **Hönnun** **Upphafleg notkun**

**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

**Tegund**
**Klæðning**
**Þakgerð**
**Þakklæðning**
**Undirstöður**

## Saga

Á þessari lóð stóð hús sem byggt var árið 1933. Það var einlyft timburhús með kjallara og risi, klætt bárujárni á þaki og veggjum. Fyrsti eigandi var Helgi Jónsson. Árið 1945 var virt gripa- og fuglahús á lóðinni byggt úr spónasteypu á steinsteypum grunni. Sama ár var virt hlaða við fjósið úr timbri.
Samkvæmt vettvangsferð í maí 2004 hafa húsin verið rifin og stendur lóðin auð. Árið 2002 var samþykkt bygging fjölbýlishús á lóðinni samkvæmt teikningu Sigurðar Kjartanssonar. Í maí 2004 voru framkvæmdir hafnar við byggingu fjölbýlishússins.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:**

Byggingarár **1952** 

# Sogavegur 116

**Fyrsti eigandi** Aðsteinn Sæmundsson
Matthías Guðmundsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini | Tvílyft |
| **Klæðning** | Kvarts og tinna | Ris |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu er húsið hlaðið úr sandsteini. Árið 1977 var samþykkt byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsinu og geymsluskúrnum en bæði voru byggð árið 1952.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt steinhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1946** 

# Sogavegur 118

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 64-5 Viðbygging | Halldór Halldórsson |
| **Klæðning** | Timbur | Ris | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Asbest | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu segir að húsið sé byggt að hluta úr timbri og að hluta úr holsteini. Árið 1955 var samþykktur bílskúr á lóðinni samkvæmt teikningu Þorleifs Eyjólfssonar og var hann byggður árið 1957. Árið 1957 var samþykkt að stækka húsið og veita eldra húsinu byggingarleyfi. Árið 1961 var samþykkt stækkun á húsinu. Árið 1965 var heimiluð breyting á þaki á áður samþykktri viðbyggingu við húsið. Það var ekki fyrr en 1969 að virt var stækkun á húsinu, en hún var framkvæmd á árunum 1964 - 1965. Stækkunin er hlaðinn úr holsteini.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt að undanskilinni viðbyggingu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

Byggingarár **1966-71** 

# Sogavegur 120

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Yngvi Gestsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Fyrsta hús á lóðinni var timburhús byggt árið 1945.
Árið 1956 voru samþykkt bílskúr og geymsla á lóðinni samkvæmt teikningum Finns Ó. Thorlacius. Árið 1966 var samþykkt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni og var það byggt á árunum 1966 - 1971.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

Byggingarár **1946** 

# Sogavegur 122

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | |
| **Þakgerð** | Geiraris | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | |

**Útlit**

Einlyft
Ris

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| 54-5 | Viðbygging |
| 1974 | Viðbygging |
| 1974 | Bílskúr |
| 1976 | Endurbætur |

**Hönnuðir breytinga**

| | |
|---|---|
| Aðalsteinn Richter | arkitekt |
| Bjarni Marteinsson | arkitekt |
| Bjarni Marteinsson | arkitekt |

## Saga

Samkvæmt virðingum frá árunum 1924 og 1928 er verið að virða hús við Barónsstíg 32 í Reykjavík. Þegar kemur að virðingu frá árinu 1946 þá segir að um sé að ræða flutninghús sem stóð áður við Hringbraut en endurbyggt við Sogaveg. Stærð og lýsing passar ekki við húsið á Barónsstíg 32 þannig augljóslega verið að endurnýta brunabótanúmerið. Hér er stuðst við að virðingin frá 1946 sé þá upphafleg gerð hússins.
Samkvæmt virðingu frá 1956 þá hefur verið hlaðin ný viðbygging úr holsteini, múrhúðuð utan, vikurklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þessi viðbygging var byggð á árunum 1954 - 1957 samkvæmt teikningum Aðalsteins Richters arkitekts. Árið 1973 var samþykkt viðbygging og bílskúr á lóðinni og ári síðar var virt ný viðbygging og bílskúr á lóðinni. Samkvæmt virðingu frá 1976 hafa verið gerðar endurbætur á eldra húsinu innanhúss.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1945** # Sogavegur 124

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | |
| **Þakgerð** | Valmaþak | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Árið 1945 var samþykkt hús með bráðabirgðaleyfi á lóðinni, 45 fermetrar, 2 herbergi og eldhús, byggt úr timbri og múrhúðað að utan. Árið 1995 var veitt leyfi fyrir áður byggðum skúr á lóðinni. Húsið er samkvæmt fasteignamati byggt árið 1945. Ekki er að finna neina brunavirðingu fyrir það.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1945** 

# Sogavegur 126

**Fyrsti eigandi** Gísli Guðmundsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Ris | 1952 Viðbygging |
| **Klæðning** | Skeljasandur | Einlyft | |
| **Þakgerð** | | | |
| **Þakklæðning** | Asbest | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | |

## Saga

Í fyrstu virðingu segir að þetta hús sé sambyggt húsi nr. 124 en það hús er í dag nr. 128.
Í virðingunni segir um húsið: "Þak er úr borðum, pappa og asbest. Beggja vegna bindingsklætt borðum og stoppað með torfi á milli. Þar yfir strigi og pappír. Að utan-verðu er pappi vírnet og múrhúðað yfir með skeljasandi. " Árið 1948 var virtur nýr íbúðar- og geymsluskúr á lóðinni. Hann er úr timbri á steinsteyptri plötu, múrhúðað á pappa utan og þakið klætt bárujárni. Lítill kjallari er undir til grænmetisgeymslu.
Í virðingu árið 1952 segir að húsið hafi verið múrhúðað innan að mestu og ný viðbygging reist við það, ein hæð með porti, risi og kjallara. Viðbyggingin er úr timbri, múrhúðuð og þakklæðning úr asbesti.
Byggingarleyfi fyrir húsið var fyrst veitt árið 1970.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Einfalt timburhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er talsvert breytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1944** 

# Sogavegur 128

**Fyrsti eigandi** Sigurbjörn Ásgeirsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | ? | Viðbygging | |
| **Klæðning** | Skeljasandur | Ris | | | |
| **Þakgerð** | | | | | |
| **Þakklæðning** | Asbest | | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | | |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu kemur fram að húsið sé úr bindingi, klætt borðum, stoppað með torfi, striga og pappalagt. Ekki að finna neinar heimildir um húsið hjá Byggingafulltrúa. Ekki að finna upplýsingar um hvenær byggt var við húsið.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1955** 

# Sogavegur 130

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1960 Viðbygging | Arinbjörn Þorkelsson |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 1960 Múrhúðun | Arinbjörn Þorkelsson |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Árið 1943 var veitt leyfi fyrir bráðabirgðahúsi á lóðinni. Samkvæmt fyrstu virðingu frá árinu 1955 var húsið nýlegt. Veitt var leyfi fyrir bílskúr samkvæmt teikningum Þorleifs Eyjólfssonar á lóðinni árið 1955. Samkvæmt fasteingarmati var hann byggður árið 1958. Árið 1960 var samþykkt að stækka og breyta húsinu úr timbri samkvæmt teikningum Arinbjarnar Þorkelssonar. Það var gert á árunum 1960 - 1961. Þegar húsið var svo virt árið 1966 var búið að byggja við húsið á tvo vegu úr timbri og múrhúðað það utan.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt en byggt hefur verið við það.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1956** # Sogavegur 132

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Gísli Halldórsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini | Einlyft | 1958 | Viðbygging | Gísli Halldórsson | arkitekt |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 1986 | Íbúð sþ. | Jón Björnsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kvistir | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Kjallari | | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | | | |

## Saga

Árið 1954 var samþykkt einlyft íbúðarhús úr steini á lóðinni. Húsið var virt árið 1956. Samkvæmt fyrstu virðingu þá er það hlaðið úr hraunsteini á steinsteyptan kjallara og grunn. Kjallari er undir hálfu húsinu. Árið 1957 var samþykkt að stækka húsið og var sú stækkun virt árið 1958. Viðbyggingin er úr steinsteypu og með steinsteyptu þaki. Árið 1986 var samþykkt séríbúð í viðbyggingunni frá 1957.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt en byggt hefur verið við það.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1960** **Sogavegur 134**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | ? | Ný klæðning | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | ? | Endurbætur | |
| **Þakgerð** | | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1960 er um nýtt íbúðarhús að ræða. Árið 1967 var byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi úr timbri á lóðinni veitt. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa var það leyfi fellt úr gildi.
Á undanförnum misserum hefur húsið gengið í gegnum endurbætur og meðal annars sett á það bárujárnsklæðning.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Einfalt timburhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1951** **Sogavegur 136**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð** | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari |
| **Þakgerð** | | Ris |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Kvistir |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Árið 1950 var samþykkt bráðabirgðahús á lóðinni. Það var virt árið 1951. Samkvæmt fyrstu virðingu var það með smákjallara. Árið 1957 var samþykktur bílskúr á lóðinni eftir teikningum Magnúsar Guðmundssonar og samkvæmt fasteignamati var hann byggður árið 1959. Byggingarleyfi fyrir húsinu var samþykkt árið 1963. Húsið var virt árið 1978 . Árið 1997 var samþykkt að breyta fyrirkomulagi í kjallara hússins og lóð í sérnotahluta vegna eignaskipta í húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1946** 

# Sogavegur 138

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 83-8 Viðbygging | Sigurður R. Halldórsson |
| **Klæðning** | Múrsléttað | | | |
| **Þakgerð** | Geiraris | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Árið 1944 var samþykkt bráðabirgðahús á lóðinni. Árið 1970 fékkst byggingarleyfi fyrir húsinu og var það þá mælt upp og teiknað af Arinbirni Þorkelssyni og Alexander H. Jóhannssyni. Árið 1970 var samþykkt að hækka lofthæð á bílskúr sem var í smíðum. Árið 1982 var samþykkt viðbygging við húsið eftir teikningu Sigurðar R. Halldórssonar. Sú stækkun var framkvæmd á árunum 1983 - 1988.Samkvæmt fasteignamati er húsið sagt byggt árið 1983 og enginn bílskúr á lóðinni.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt en byggt hefur verið við það.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1945** # Sogavegur 140

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Árið 1982 var samþykkt leyfi fyrir áður gerðu íbúðarhúsi á lóðinni.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

Byggingarár **1949** # Sogavegur 142

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Árið 1949 var komin íbúðarskúr á lóðina. Árið 1955 var samþykktur bílskúr á lóðinni samkvæmt teikningu Þorleifs Eyjólfssonar og samkvæmt fasteignamati var hann byggður árið 1957. Árið 1960 var veitt byggingarleyfi fyrir húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1948**

# Sogavegur 144

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris |
| **Þakgerð** | | |
| **Þakklæðning** | Pappi | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1949 segir að húsið sé hlaðið úr vikurholsteini. Þá var einnig virtur bílskúr úr timbri á lóðinni. Árið 1963 var samþykkt stækkun á húsinu úr steinsteypu en hún var ekki framkvæmd. Árið 1982 var veitt leyfi fyrir áður gerðum bílskúr úr timbri á lóðinni, en hann var byggður 1948 og virtur árið 1949.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt steinhlaðið hús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1945** **Sogavegur 146**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús m/ trésmíðaverkstæði





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Geiraris |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Útlit**

Einlyft

| **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|
| 1972 Viðbygging | Guðlaugur Friðþjófsson |
| 1977 Viðbygging | Guðlaugur Friðþjófsson |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1945 var íbúð og trésmíðavinnustofa í húsinu. Einnig kemur fram að neðri hluti veggja baðherbergsins og kring um eldavél og vask sé klætt með slípuðu asbesti.
Árið 1965 var veitt byggingarleyfi fyrir húsinu. Árið 1966 var veitt byggingarleyfi fyrir bílskúr og vermireit. Bílskúrinn var virtur árið 1967 og kemur þar fram að hann er notaður sem gróðurhús. Bílskúrinn/gróðurhúsið var byggður úr steinsteypu. Árið 1971 var veitt leyfi til að stækka húsið og samkvæmt virðingu frá 1972 var virt ný viðbygging úr timbri. Einnig hefur eldri hluti hússins verið endurnýjaður. Árið 1977 var svo aftur veitt leyfi fyrir stækkun á húsinu samkvæmt teikningu Guðlaugs Friðþjófssonar.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Einfalt timburhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Byggt hefur verið við húsið. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1950** # Sogavegur 148

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Kvistir
Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Árið 1949 var veitt leyfi fyrir bráðabirgðahúsi á lóðinni og var það virt árið 1950. Samkvæmt fyrstu virðingu var kjallari undir hluta hússins. Það var sléttað utan með snjókremi (snowcem).
Árið 1961 var áðurgert íbúðarhús á lóðinni samþykkt. Árið 1975 var samþykkt að byggja bílgeymslur úr steinsteypu á lóðinni eftir teikningum Sig. R. Hannessonar. Bílskúrinn var byggður árið 1976.
Til er virðing frá 12/12/1951 nr,. 5751 fyrir húsi á lóð Sogavegi 148. Það er íbúðarhús, ein hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, múrhúðað utan og með járnþaki. Timburskúr er áfastur húsinu, pappaklæddur utan með steinsteyptu gólfi. Þar er kolamiðstöð og geymsla. Þetta hús er ekki að finna á lóðinni.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Einfalt steinsteypuhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1951** # Sogavegur 150

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús






**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1951 | Viðbygging | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | ? | Kvistur | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1980 | íbúð sþ. | Örn Sigurðsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | | | |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1951 var talað um nýja viðbyggingu við húsið sem Vilhjálmur Lárusson á. Viðbyggingin, ein hæð og ris, er byggð úr timbri, járnklædd og múrhúðuð utan, með járnþaki og grunnur steinsteyptur. Í virðingur frá árinu 1955 segir að b.liður (viðbyggingin frá 1951) hafi verið stækkaður úr sama efni og húsið.
Ekki var að finna leyfi fyrir kvisti á húsinu né geymslu á lóð. Fasteignamat telur að geymslan sé byggð árið 1961. Árið 1980 var veitt leyfi fyrir áður gerðri íbúð.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1949** **Sogavegur 152**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini | Einlyft | 1958 | Kvistur | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 1988 | Viðbygging | Guðlaugur Friðjónsson |
| **Þakgerð** | | Kjallari | | | Ármann Ó. Sigurðsson |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1989 | Sólskáli | sömu |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | 1990 | Kvistur | sömu |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1950 var kjallari undir nokkrum hluta hússins. Húsið er byggt úr steyptum sandholtssteini. Þær breytingar hafa verið gerðar á húsinu árið 1958 að byggður hefur verið kvistur úr timbri og bárujárni og þakhæðin innréttuð. Árið 1988 og 1989 var veitt leyfi að byggja forstofu/sólskála úr timbri við húsið. Árið 1990 var heimilað að byggja kvist á húsið. Árið 2001 var samþykkt að rífa gamlan bílskúr og byggja nýjan úr steinsteypu í norðvesturshorni lóðarinnar samkvæmt uppdrætti O.K. arkitekta. Eldri bílskúrinn var byggður eftir 1988 en leyfi fyrir honum var veitt 1965, 1976 og í þriðja sinn 1988. Nýi bílskúrinn byggður 2003.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt steinhlaðið hús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

Byggingarár **1945** 

# Sogavegur 154

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús






**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Geiraris |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Útlit**

Einlyft
Ris

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|
| 1969 | Viðbygging | Magnús Guðmundsson |
| 1979 | Viðbygging | Magnús Guðmundsson |
| 2003 | Viðbygging | Strikið |

## Saga

Húsið var stækkað árið 1969 úr steinsteypu og timbri. Einnig hefur eldri hluti hússins verið endurnýjaður. Samkvæmt virðingu frá 1979 hefur verið byggt við húsið. Viðbygging, ein hæð og ris, er úr timbri og með járnþaki. Einnig er virtur bílskúr á lóðinni úr steinsteyptu. Byggingarleyfi fyrir húsið var þó ekki veitt fyrr en árið 1968.
Árið 2003 var samþykkt stækkun á húsinu með viðbyggingu á austurhluta og garðskála við stofu. Framkvæmdir standa yfir (2004).

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er talsvert breytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1945** # Sogavegur 156

**Fyrsti eigandi** Eiríkur Guðnason

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Geiraris |
| **Þakklæðning** | Pappi |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Útskot

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1958 | Viðbygging | Sigmundur Halldórsson | arkitekt |
| 1958 | Útlitsbreyting | Sigmundur Halldórsson | arkitekt |
| 84-8 | Hækkun á þaki | Tækniþjónustan s.f. | |

## Saga

Byggingarleyfi var veitt fyrir húsinu árið 1944. Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1945 var húsið hlaðið úr vikurholsteini á steyptum grunni með geirarisþaki. Árið 1958 var samþykkt að stækka og breyta húsinu og byggja bílskúr úr steinsteypu eftir teikningum Sigmundar Halldórssonar. Árið 1983 var samþykkt að hækka þak hússins samkvæmt teikningum Tækniþjónustunnar s.f. og var það framkvæmt á árunum 1984 - 1986.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er talsvert breytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1949** # Sogavegur 158

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini | Einlyft | 1955 Hækkun | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 1959 Viðbygging | |
| **Þakgerð** | | Útskot | | |
| **Þakklæðning** | Pappi | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1949 var húsið hlaðið úr vibrósteini. Sama ár var einnig virtur skúr úr timbri með útskoti. Honum var skipt í geymslu og hænsnahús. Samkvæmt virðingu frá árinu 1955 var búið að hækka húsið um porthæð úr rauðamölssteypu, slétthúðað utan og málað.
Árið 1959 var samþykkt að byggja anddyri úr steini við húsið og árið 1965 var samþykkt að byggja bílskúr úr steini á lóðinni eftir teikningu Arinbjarnar Þorkelssonar. Bílskúrinn var byggður sama ár. Byggingarleyfi fyrir húsið var veitt árið 1959.

Til er virðing frá 28/02/1953 nr. 6042 fyrir húsi á lóðinni Sogavegur 158. Það er fisksölubúð, ein hæð með skáþaki, byggð úr steinsteypu og timbri. Húseignin er aftur virt í maí sama ár og var það á óbreytt. Þetta hús er ekki á lóðinni í dag (2004).

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Steinhlaðið hús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1951** # Sogavegur 160

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | ca19 | Kvistur | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 2003 | Viðbygging | Davíð Karl Karlsson | byggin |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 2003 | Svalir | Davíð Karl Karlsson | byggin |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 2003 | Ný klæðning | Davíð Karl Karlsson | byggin |
| **Undirstöður** | | | 2003 | Kvistur | Davíð Karl Karlsson | byggin |

## Saga

Aðeins ein virðing er til af húsinu og ekki er að finna neinar upplýsingar í b-skjölum. Bílskúrinn var byggður samkvæmt fasteignamati árið 1954.
Árið 2002 var samþykkt að byggja við anddyri og kvist í norður, tvo þakglugga, að einangra húsið að utan með steinull og klæða bárujárni. Þá kemur einnig fram að kvistur hafi verið byggður á suðurhlið hússins fyrir ca. 20 árum. Ekki er að finna neitt leyfi fyrir þeim kvisti.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Steinhlaðið hús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1946** 

# Sogavegur 162

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús



**Upphafleg gerð** | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | | |
| **Klæðning** | | | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Í b-skjölum frá árinu 1946 er sagt að húsið sé nýbyggt. Það er úr timbri á steyptum grunni. Húsið hefur ekki verið virt. Árið 1974 var veitt byggingarleyfi fyrir áður byggðu húsi úr timbri á lóðinni. Ekki er að finna aðrar heimildir um húsið.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1949**

# Sogavegur 164

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Hænsnahús





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | |
| **Þakgerð** | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Samkvæmt virðingu frá 9. september 1944 segir (frumrit afar ólæsilegt) : "Ár 1944, þann 9. september var hús Guðrúnar Jónu Nikulásdóttur við Sogablett 164, ... 4471, mælt af löggiltum matsmönnum. Húsið er nýtt timburhús, með járnþaki á borðasúð og múrhúðað að utan. Innan í binding er stoppað með sagspónum, þyljað yfir og ýmist veggfóðrað eða málað. Húsið er hólfað í 1 herbergi og eldhús. Geymsluhús er við húsið byggt úr binding."
Til er annað brunavirðingarnúmer fyrir Sogaveg 164, en það br.nr. 5317 dagsett 5/7/1949. Samkvæmt þeirri virðingu er um að ræða íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Það er virðing fyrir núverandi hús á lóðinni. Endurbætur standa yfir á húsinu (2004). Árið 2002 var samþykkt stækkun á húsinu en hún hefur ekki enn verið framkvæmd (2004).

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Einfalt timburhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist upphafi byggðar á svæðinu. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.** |

**Byggingarár** **1953** 

# Sogavegur 166

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | ? Ný klæðning | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | | |
| **Þakgerð** | | Kvistir | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Útskot | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1955 en húsið var virt nýtt árið 1953. Árið 1980 var veitt leyfi fyrir áður byggðu íbúðarhúsi úr timbri á lóðinni. Samkvæmt vettvangsferð hefur nýlega verið skipt um járn á húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1955 - 58** **Sogavegur 168**

**Fyrsti eigandi** Leifur Sigurðsson **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | Marmarahúð | Ris |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | Kjallari |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Útskot |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1955. Húsið var byggt á árunum 1955 - 1958. Kjallari er undir hluta af húsinu. Árið 1962 var samþykktur bílskúr á lóðinni samkvæmt teikningum Gunnlaugs Pálssonar og var hann byggður árið 1963.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

**Byggingarár** **1951** # Sogavegur 170

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1956 | Hækkun | Guðmundur H. Þorláksson | byggin |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | 1956 | Viðbygging | Guðmundur H. Þorláksson | byggin |
| **Þakgerð** | Valmaþak | Ris | 1956 | Kvistur | Guðmundur H. Þorláksson | byggin |
| **Þakklæðning** | Pappi | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1951er kjallarinn undir hluta af húsinu. Húsið er einnig sagt vera með valmrisi. Samkvæmt mati frá árinu 1958 hefur húsið verið stækkað og risið hækkað. Veitt var leyfi fyrir bílskúr eftir teikningum Guðmund H. Þorlákssonar árið 1955 en það er enginn bílskúr metin árið 1958 og árið 2004 var enginn bílskúr á lóðinni.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist upphafi byggðar á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreyttri byggð á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.**

Byggingarár **1950** 

# Sogavegur 172

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Þórður Jasonarson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | 1956 Útlitsbreyting | Aðalsteinn Richter arkitekt |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kvistir | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Til er bréf frá byggingafulltrúa dagsett 13. apríl 1950 þar sem fjallað er um þetta hús. Það er þá sagt vera í smíðum og lýst sem einlyftu portbyggðu húsi hlöðnu úr holsteini frá Steinstólpum h.f. Segir ennfremur: "Frágangur húsins á því, sem þegar er gert, er of góður til þess að vera byggt til bráðabirgða. Ef það sem eftir er að gera við byggingu þessa verður eins vandað og það, sem þegar er gjört, kemur þessi bygging til að bera af flestum byggingum í þessu hverfi."
Samkvæmt fyrstu virðingu er húsið hlaðið úr vikurholsteini og einnig er niðurgrafið steinsteypt þvottahús.
